

## Dýpkun Sundahafnar, Reykjavíkurborg

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 12. september 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Faxaflóahöfnum um dýpkun Sundahafnar, Reykjavíkurborg, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Dýpkun Sundahafnar. Fyrirspurn um matsskyldu. Faxaflóahafnir sf. Ágúst 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg dags. 21. október 2025
- Fiskistofu dags. 18. september 2025
- Hafrannsóknarstofnun 10. október 2025
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar dags. 13. október 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 13. október 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 15. október 2025
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 14. október 2025
- Vegagerðinni dags. 20. október 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 5. nóvember 2025.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Gert var mat á umhverfisáhrifum fyrir þróun Sundahafnar árið 2021 sem fjallaði um allar fyrirhugaðar framkvæmdir í Sundahöfn, þ. á m. dýpkun. Matið tók til framkvæmda sem fólu í sér lengingu Skarfabakka, nýjan Kleppsbakka, lengingu Sundabakka, lengingu Vogabakka, landfyllingu við Klettagarða og dýpkun á sjávarbotninum meðfram öllu hafnarsvæðinu. Nú hafa forsendur fyrir losun dýpkunarefnisins breyst frá því umhverfismatið var gert þar sem ekki er hægt að koma því fyrir í landfyllingu í Vatnagörðum. Tilkynning þessi tekur því til eftirfarandi breytinga;

1. Allt dýpkunarefnið verður sett í aflagða efnistökuholu norðvestan við Engey.

Við Engey er að finna gryfju í malarrífi vegna efnistöku Björgunar sem nær út frá eyjunni. Gryfjan er dýpst í kóta -26m til -30m undir yfirborði sjávar en til stendur að losa í hana efni úr Sundahöfn þar til yfirborð hennar er komið í kóta -17m, þá verður yfirborðið nokkurn veginn í sömu hæð og aðliggjandi sjávarbotn. Í þessari framkvæmd er þó ekki fyllt alla leið upp í aðliggjandi sjávarbotn. Setja á allt dýpkunarefni vegna dýpkunar Sundahafnar í gryfjuna, þ. á m. mengað efni.



Faxaflóahafnir hafa fallið frá því að fylla í Vatnagarðana á meðan unnið er að frekari greiningum á nýtingu svæðisins í framtíðinni og hvernig best sé að skipuleggja svæðið. Því er ljóst að ekki er hægt að setja mengaða efnið strax í þessa fyllingu eins og fjallað var um í umhverfismatsskýrslunni. Ekki eru aðrar landfyllingar í skipulagi í nágrenninu sem vitað er um að geti tekið við þessu efni, þar sem hægt er að loka það af með öruggum hætti, á þessum tímapunkti.

Það ógni öryggi að bíða lengur með þessa dýpkun vegna þess að öryggi er ekki viðunandi fyrir stærri skip við Sundahöfn eins og staðan er í dag. Þá sérstaklega þegar veður er vont og skip að sigla inn eða út úr höfn eða þegar verið er að snúa skipunum. Mat framkvæmdaraðila er að m.t.t. öryggismála sé þessi dýpkun nauðsynleg sem allra fyrst fyrir svæðið í heild og til að lágmarka áhættuna á slysum í höfninni vegna stórra skipa sem fara þar um.

## 2. Varpa meira magni efnis í hafið en upphaflega stóð til í umhverfismatinu 2021.

Í umhverfismatinu frá árinu 2021 var gert ráð fyrir að af þeim 3 milljón m<sup>3</sup> sem fyrirhugað var að taka við dýpkunina, þá átti að losa um 1,2 milljón m<sup>3</sup> í Engey og restin átti að fara í landfyllingu. Þar sem ekkert af þessu efni verður notað í fyllingu í Vatnagarðum er nauðsynlegt að setja það allt í aflögðu efnistökuholuna í Engey. Nú er gert ráð fyrir að í fyrirhuguðum dýpkunarframkvæmdum muni losna um 1,4 milljón m<sup>3</sup> sem allir verða losaðir í holuna. Þó er ljóst að nóg pláss er í holunni fyrir meira efni.

## 3. Dýpkunin verði öll framkvæmd á einu ári en ekki yfir 20 ára tímabil líkt og kom fram í umhverfismatinu 2021.

Í umhverfismatinu frá árinu 2021 stóð til að losunin á 1,2 milljónum m<sup>3</sup> af dýpkunarefni í Engey myndi dreifast yfir 20 ára tímabil og heildarmagn dýpkana gefið upp sem 3.150.000 m<sup>3</sup>. Fyrirhuguð dýpkun upp á 1,4 milljónir m<sup>3</sup> sem nú á að fara fram á einu ári er einungis 44% af heildarmagni dýpkunar skv. umhverfismatinu, en ekki eru fyrirhugaðar frekari dýpkanir á svæðinu fyrr en skipulag svæðisins er komið á hreint og farið verður í bakkaframkvæmdir. Faxaflóahafnir vonast þá til að vera komin með svæði til landfyllingar sem henta fyrir það efni og hægt verður að nýta.

### *Framkvæmdaraðferð*

Faxaflóahafnir hafa verið í samtali við Umhverfis- og orkustofnun varðandi undirbúning framkvæmdarinnar og fylgt leiðbeiningum og reglum sem gilda um málefnið. Einnig hefur verið samtal við reyndan verktaka um hvernig best sé að meðhöndla mengaða efnið. Aðferðir verktaka miðast að því að lágmarka gruggmyndun og smit mengaðs efnis úr í umhverfið. Holan í Engey var áður efnistökusvæði Björgunar, og er hún um 30 m djúp og mengaða efnið mun vera um 4 m þykkt lag þar sem mest verður. Ofan á það kemur svo 9 m þykkt lag af ómengduðu dýpkunarefni og lokar þar með af allt mengað efni. Þessi aðferð er þekkt erlendis og með réttum tækjabúnaði, sem lágmarkar gruggmyndun og smit efnis út í umhverfið, er verið að lágmarka áhættuna eins og hægt er.

Magn mengaðs efnis á dýpkunarsvæðinu er um 40.000 m<sup>3</sup> með allt að 0,3 m yfirdýpkun og gert er ráð fyrir því að verktaki grafi það upp með vatnspéttum grabba svo smit og mengun frá efninu dreifist ekki um höfnina og slaki því svo niður á losunarstað. Öll menguðu sýnin reyndust í efsta 0,0-0,5 m botnlagi, en til að tryggja að allt mengunarefnið náist í uppleggið í samráði við Umhverfis- og orkustofnun á að dýpka allt að 0,8 m á mengaða svæðinu. Um 20 m öryggissvæði er tekið út frá ystu sýnatökupunktum þar sem mengaða efnið greindist. Það sé talin nægileg trygging fyrir því að ekki þurfi að taka sýni og senda erlendis til rannsóknar sem getur tafið framkvæmdartímann talsvert.

Til að fjarlægja mengaða efnið er gerð krafa um að notaðar séu viðurkenndar aðferðir til að moka efninu og koma því fyrir á losunarstað. Efninu skal mokað í pramma með vatnspéttum skóflu eða vatnspéttum grabba þannig að ekki sé hætt á dreifingu eða útskolun á efni. Ekki er leyfilegt að



nota dæluskip og dæla efninu upp. Við losun skal mengaða efninu mokað úr pramma með skóflu eða losað með öðrum viðurkenndum aðferðum sem tryggja að ekki verði útskolun á efni þegar það leggst á hafsbotn. Mengaða efnið skal losað á losunarstað þar sem dýpi er -26 til -30 m.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Faxaflóahafna og umsögnum umsagnaraðila.

### Fuglalíf

Í greinargerð Faxaflóahafna kemur fram að við mat á áhrifum á fugla sé stuðst við fyrirbyggjandi gögn úr rannsóknum sem unnar hafi verið í tengslum við framkvæmdir á og við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Á dýpkunarsvæðinu séu engar náttúrulegar fjörur og 81% af sjávarbotninum hafi þegar verið raskað með fyrri dýpkunum. Fuglalífið innan framkvæmdasvæðisins sé fábrotið en fuglar af nálægum svæðum fari þar um án þess að dvelja þar löngum stundum. Engin varpssvæði tapist við framkvæmdirnar og beint áhrifasvæði framkvæmdanna sé eingöngu hafflötur. Æðarfuglar verji tíma sínum aðallega á sjó og sé líklega sú fuglategund sem einna helst verði fyrir áhrifum vegna rasks á sjávarbotni. Helstu fæðuslóðir æðafugla á þessum slóðum séu þó í Viðey sem verði áfram óraskaðar.

Hvað varði gruggmyndun við dýpkun þá sé hún mjög staðbundin í kringum dæluskipin og þar sem einungis verði dýpkað á einum stað í einu verði áhrif á fuglalíf afar takmörkuð enda nóg pláss á haffletinum utan áhrifasvæðis dýpkunarskipanna. Við fyrri dýpkanir hafi ekki orðið vart við grugg í fjörum eða í Grafarvogi og ekki sé tilefni til að ætla að breyting verði á því.

Náttúrufræðistofnun hafi skilgreint Elliða- og Grafarvog sem mikilvæg fuglasvæði og innsti hluti dýpkunarsvæðisins við Vogabakka sé innan þessa svæðis, það verði þó ekki farið í þær framkvæmdir í þessum áfanga.

Við meðferð á menguðu efni verði gerð krafa um notkun búnaðar sem lágmarki áhættu á að mengað efni fari út í umhverfið. Eins verði gerð krafa um að við dýpkun verði framkvæmdin þannig að lágmarks gruggmyndun verði.

Það sé mat Faxaflóahafna að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fuglalíf verði óveruleg þar sem dýpkun verði að meðaltali 2,79 m á mikið þegar röskuðu svæði. Efnislosunin við Engey sé í 250 m fjarlægð frá eyinni sem hafi óveruleg áhrif á fuglalíf. Áhrif á fæðuöflun sé einnig óveruleg. Fuglar á svæðinu séu vanir skipaumferð og daglegum umsvifum manna.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að þegar stofnunin veitti umsögn um umhverfismatið 2021 var m.a. gagnrýnt að ekki hafi komið fram í þeirri skýrslu að mögulegt efnislosunarsvæði við Engey væri nálægt mörkum friðlandsins við Akurey. Í Akurey sé lundavarp og einnig verpur eitthvað af lunda í Engey og því sé mikilvægt að efnislosun fari ekki fram á varptíma (apríl-september) og beitt verði aðferðum til að draga úr gruggmyndun og fylgst verði með reglum og ábendingum Umhverfis- og orkustofnunar við meðferð mengaðs botnets til að lágmarka neikvæð áhrif á lífríki.

Náttúrufræðistofnun taki ekki undir niðurstöðu framkvæmdaraðila um að áhrif á fuglalíf og botndýralíf verði óverulega neikvæð. Stofnunin telji óvissu ríkja um þennan þátt og að safna hefði frekar átt gögnum um bæði fuglalíf og botndýralíf á sjálfu áhrifasvæði framkvæmdarinnar en mest sé stuðst við gögn frá aðliggjandi svæðum og þau gögn sem séu innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar séu komin töluvert til ára sinna eins og botndýrarannsóknin frá árinu 2002.

Stofnunin telji mikilvægt í ljósi áframhaldandi framkvæmda á svæðinu og langtímasögu röskunar og álags fyrir lífríkið, að markviss langtímavöktun lífríkis verði sett á laggirnar. Það eigi við um fuglalíf, laxfiska og botndýralíf, en mögulega fleiri þætti. Þannig væri best hægt að meta



samlegðaráhrif, árangur mótvægisáðgerða þar sem það eigi við og móta nauðsynleg viðbrögð og ákvarðanatöku varðandi t.d. skipulag og frekari framkvæmdir.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að fuglar, einkum æðafuglar nýti svæðið til fæðuöflunar og geti verið viðkvæmir fyrir truflun vegna gruggmyndunar og hávaða á framkvæmdatíma. Engar nýjar fuglarannsóknir hafi verið lagðar fram sem styðji við fullyrðingar framkvæmdaraðila í greinargerðinni, og að mati stofnunarinnar sé því enn óvissa um áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf á svæðinu.

Náttúruverndarstofnun bendir jafnframt á að losunarsvæði mengaðs efnis við Engey sé staðsett í um 650 m fjarlægð frá friðlandi Akureyjar, sem var friðlýst árið 1993. Friðlandið náir til Akureyjar, nærliggjandi skerja, hafssvæðis umhverfis eyjuna, hafsbots, lífríkis og vatnsbols og var sett á til verndar fuglavarpi sjófugla, einkum æðafugls og teistu. Friðlandið og nærliggjandi eyjar séu jafnframt hluti af mikilvægu fuglasvæði Akurey SF-V 4 (IBA) skv. Birdlife International, og nær það yfir eyjaklasa Akureyjar, Litlu-Akureyjar og Sundakletta suður af Engey. Um 15.000 lundapör nýti Akurey til varps en Lundinn sé einn fjögurra tegunda sem flokkist í bráðri hættu hér á Íslandi.

Í gögnum framkvæmdaraðila sé hvorki fjallað um Friðland Akureyjar né mikilvæga fuglasvæðið Akurey. Engin kortlagning eða mat á hugsanlegum áhrifum framkvæmda og efnislosunar á þessu svæði fylgi greinargerðinni. Losunarsvæðið sé þó staðsett innan beins áhrifasvæðis þar sem gruggdreifing, aukin umferð og hávaði geti haft áhrif á fuglavarpið eða fæðuöflun fugla á verndarsvæðum í Kollafirði.

Að mati Náttúruverndarstofnunar sé nauðsynlegt að áhrif dýpkunar og efnislosunar á fuglalíf í Friðlandi Akureyjar og mikilvægu fuglasvæði Akureyjar sé metin sérstaklega. Þar þurfi að m.a. að leggja mat á gruggdreifingu, hljóðvist og truflun vegna framkvæmda og skipaumferðar. Án slíks mats sé ekki hægt að fullyrða að áhrif á fuglalíf verði óveruleg.

Í svörum Faxaflóahafna kemur fram að ólíklegt sé að hægt verði að uppfylla þá kröfu Náttúrufræðistofnunar að efnislosun fari ekki fram yfir hálf t. árið. Stanslaus skipaumferð sé allt árið svo umferð dýpkunarskipa hafi líklega óveruleg viðbótaráhrif. Þess megi þó geta að vinna verði takmörkuð á göngutíma laxfiska, sem skarist að miklu leyti við varptíma fugla yfir sumarið. Hvað grugg varði þá hafi verið fjallað nokkuð ítarlega um gruggmyndun í umhverfismatsferlinu árið 2022. Grugg frá dýpkunarframkvæmdum sé staðbundið og tímabundið og þynnist hratt út. Ólíklegt sé að mjög staðbundin efnislosun við Engey hafi marktæk áhrif á lundastofninn á svæðinu. Framkvæmdasvæðið sé utan friðlands akureyjar og því sé ekki fjallað um það í greinargerðinni.

Framkvæmdaraðili sé ekki sammála Náttúrufræðistofnun og segir nýjustu fuglarannsóknirnar sem stuðst hafi verið við í umhverfismatinu 2022, frá árinu 2020 og 2015-2016. Auk þess sé vetrarfuglatalning gerð á hverju einasta ári yfir alla strandlengjuna á svæðinu. Í tengslum við umhverfismat Sundahafnar hafi verið gerð fuglarannsókn árið 2024 þar sem fuglar voru taldir 21 sinni á tímabilinu mars-desember. Nýjasta botndýrarannsóknin sem stuðst hafi verið við í umhverfismatinu sé frá árinu 2015.

Framkvæmdaraðili segi að dýpkunin verði á svæði sem nú þegar sé 81% raskað eftir fyrri dýpkanir og losunin verði á gömlu efnistökusvæði sem þegar hafi verið raskað. Framkvæmdaraðili telji að þau gögn og rannsóknir sem stuðst sé við séu fullnægjandi.

Faxaflóahafnir séu tilbúnar að taka þátt í vöktun á svæðinu í samræmi við hlutfallsleg áhrif framkvæmda sinna með öðrum framkvæmdaraðilum við Kollafjörð.

### **Botnset og botngerð**

Í greinargerð Faxaflóahafna kemur fram að árið 2016 hafi verið gerðar mengunarrannsóknir á botnseti á dýpkunarsvæðinu samkvæmt leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að á hluta dýpkunarsvæðisins sé styrkur mengunarefna í varúðar- og hættuflokki þar sem



mælingar á PCB efnum voru háar. Talið var að um 200.000 m<sup>3</sup> væru af menguðu efni sem til stóð að loka af í landfyllingu við Vatnagarða eða Klettagarða. Frekari rannsóknir leiddu síðar í ljós að magnið sé um 40.000 m<sup>3</sup>. Fallið var frá því að setja efnið í landfyllingu vegna breyttra forsendna og nú standi til að koma mengaða efniinu fyrir í 30 m djúpri aflagðri efnistökuholu í Engey, með aðferðum sem lágmarki gruggmyndun og smit mengaðs efnis út í umhverfið. Ekki sé talið að mengað efni berist með hafstraumum á verktíma en neðansjávarstraumar við Engey séu hverfandi litlir og ekki taldir nægilegir til að rót verði á botni vegna þeirra. Efnistöku úr holunni í Engey lauk árið 2009 og enn hafi ekkert fyllst í hana.

Fram kemur að við losun á menguðu efni verði farið alfarið eftir leiðbeiningum Umhverfis- og orkuskiptunar. Við meðferð á menguðu efni verði gerð krafa um notkun búnaðar sem lágmarki áhættu á að mengaða efnið fari út í umhverfið. Eins verði gerð krafa um að dýpkun verði framkvæmd þannig að lágmarks gruggmyndun verði. Farið verði í 0,3 m yfirdýpkun og 20 m öryggissvæði í kringum mengaða svæðið verði tryggt svo að allt mengaða efnið verði fjarlægð. Mengaða efnið verði lokað af með 9 m þykku lagi af ómenguðu dýpkunarefni til að koma í veg fyrir að efnið fari út í umhverfið.

Þegar horft sé til þess að botninum á dýpkunar- og losunarsvæðinu hafi að mestu verið raskað, ekki verði umtalsverð breyting á botnferð Viðeyjarsunds, og mengað efni verði lokað af í samræmi við leiðbeiningar, sé það mat Faxaflóahafna að áhrif framkvæmdarinnar á botnset og botngerð sé óveruleg.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að búið sé að koma til móts við margar af þeim athugasemdum sem gerðar voru vegna umhverfismatsins 2021. Heilbrigðiseftirlitið telji þó ennþá vanta frekari vöktun á áhrifum framkvæmdanna á lífríkið. PCB hafi fundist í botnssýnum úr Sundahöfn en efnið sé þrávirkt lífrænt efni og safnist saman í vefjum lífvera og valdi lífuppsöfnun upp fæðukeðjuna. Sem fyrr vilji Heilbrigðiseftirlitið benda á að vöktun vanti á áhrifum efnisvarps í hafið í gryfju við Engey á fæðu fugla. Heilbrigðiseftirlitið telji að kanna þurfi hvort mengun frá dýpkunarefni, þá sérstaklega PCB, sé að safnast upp í lífverum sem fuglar noti sem fæðu. Unnt væri að taka sýni úr kræklingi við Engey og greina PCB og þá þungmálma sem mælist yfir mörkum í rannsókn á botnseti í Sundahöfn og vef þeirra. Kræklingar séu síarar og því gott lífmerki fyrir mengun sem gæti borist frá losunarstaðnum. Mælingar þyrftu að fara fram fyrir framkvæmdina, meðan á henni standi og með reglubundnum hætti eftir að framkvæmd ljúki til að ganga úr skugga um að efni séu ekki að losna úr fyllingunni. PCB geti haft áhrif á viðkomu fugla en helstu þekktu áhrifin séu afbrigðilegur fósturproski, minnkuð viðkoma og þynning eggjaskurnar. Varp í hafið hafi verið á svæðinu í langan tíma án nokkurrar vöktunar með tilliti til lífuppsöfnunar mengunarefna. Heilbrigðiseftirlitið telji mikilvægt að hafið verði söfnun gagna og að vöktunaráætlun þurfi að fylgja gögnunum vegna framkvæmdarinnar.

Í svari Faxaflóahafna kemur fram að þetta sé ítarleg og umfangsmikil vöktun sem þyrfti að standa yfir í langan tíma. Þetta verði tekið til athugunar í samráði við leyfisveitendur í leyfisveitingarferli.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að ekki sé að finna mælingar né líkön sem sýni umfang eða dreifingu gruggs í greinargerð framkvæmdaraðila. Ekki liggi fyrir mat á magni svifagna, varanleika gruggs né áhrifum þess á botndýralíf, fisk eða fugla. Í álitum um umhverfismat framkvæmdarinnar frá árinu 2022 kom fram að engin gögn lægju fyrir um gruggdreifingu og gera þyrfti dreifingarlíkan til að meta áhrif á lífríki og vatnshlot. Að mati Náttúruverndarstofnunar sé því enn óvissa um umfang og áhrif gruggmyndunar, bæði vegna dýpkunar og losunar efnis. Þessi óvissa skipti máli þar sem losunarsvæðið liggi í nágrenni við viðkvæm fuglasvæði og búsvæði sjávardýra. Stofnunin bendi á þann möguleika að við framkvæmdina verði unnið magnbundið mat eða líkanreikningur á gruggdreifingu og svifögnum, í samræmi við alþjóðleg viðmið, t.d. leiðbeiningar BMAPA og CEFAS, þar sem kveðið sé á um að áhrif gruggmengunar á vistkerfi skuli byggja á mældu grunnástandi og staðbundnum straumgögnum, en stofnunin hafi bent á það í eldri umsögnum.



Í svari Faxaflóahafna kemur fram að það sé ekki fjallað um grugg því það hafi verið gert í umhverfismatsferlinu árið 2022. Var þar vitnað í innlendar sem og erlendar rannsóknir og áratuga reynsla af dýpkunarframkvæmdum við Sundahöfn. Í áliti Skipulagsstofnunar árið 2022 kom fram að áhrif vegna gruggmyndunar séu líkleg til að vera að mestu staðbundin og afmörkuð við næsta nágrenni þess svæðis sem dýpkun fari fram hverju sinni og áhrif dýpkanaframkvæmda utan áhrifa gruggmyndunar séu meiri óvissu háð. Samkvæmt framlögðum gögnum virðist ekki ástæða til að ætla að gruggmyndun við dýpkun eða efnislosun komi til með að hafa neikvæð áhrif á fugla þar sem gruggmyndun hafi verið staðbundin í kringum dæluskipin við fyrri framkvæmdir.

### **Botndýralíf**

Í greinargerð Faxaflóahafna kemur fram að góð þekking sé til staðar á botndýralífi svæðisins sem byggist á rannsóknum sem ráðist hafi verið í vegna ýmissa framkvæmda síðustu 20 árin á svæðinu. Fyrri rannsóknir bendi til þess að botndýralíf neðansjávar úti við Gufunes sé rýrt og með lítið verndargildi. Rannsóknir bendi til þess að innst í Elliðavogi sé lífríki á botninum fábreytt með fáum tegundum og lágum tegundafjölbreytileika. Að mati sérfræðings hafi ekki verið talin þörf á rannsóknum á samsetningu dýralífs á botni í grennd við fyrirhugaða landfyllingu við Klettagarða þar sem álag hafi verið mikið á og við svæðið og líkur á því að lífríkið sé nú þegar raskað. Á efnislosunarsvæðinu norðvestan Engeyjar hafi farið fram athuganir á og í nágrenni svæðisins og þær tegundir sem þar finnast séu allar algengar hér við land og varðveislugildi botndýra lítið.

Einnig kemur fram að Hafrannsóknastofnun hafi safnað sýnum í vatnshlotinu Innri Sund-Elliðavogur-Grafarvogur árið 2024 fyrir Umhverfisstofnun, til að afla gagna um líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti sem nota mætti við vistfræðilega ástandsflokkun vatnshlotsins. Í samantektinni í minnisblaði Hafrannsóknastofnunar sé nefnt að líffræðilegir og eðlisefnafræðilegri gæðapættir bendi til þess að vatnshlotið sé ekki undir miklu lífrænu álagi og miðað við skilgreinda líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti falli það í flokkinn mjög gott vistfræðilegt ástand.

Við losun á menguðu efni verði farið alfarið eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Við meðferð á menguðu efni verði gerð krafa um notkun búnaðar sem lágmarki áhættu á að mengaða efnið fari út í umhverfið. Eins verði gerð krafa um að dýpkun verði framkvæmd þannig að lágmarks gruggmyndun verði.

Þegar horft sé til þess að framkvæmdasvæðið sem hér sé til umfjöllunar sé þegar raskað og að allar rannsóknir sem gerðar hafi verið fram að þessu séu sammála um að botndýralíf svæðisins sé einsleit og fábrotið og með lítið verndargildi, sé það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á botndýralíf séu óveruleg.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að óljóst sé hvort grunnástand lífríkis á sjávarbotni hafi verið skilgreint með beinum gögnum og að engar nýjar vettvangsrannsóknir hafi verið gerðar á tegundasamsetningu botndýra. Niðurstöður Hafrannsóknastofnunar frá 2024 sýni gott líffræðilegt ástand vatnshlotsins í heild en óljóst sé hvort að það mat nái til framkvæmdasvæðisins sjálfs. Að mati stofnunarinnar ríki því enn óvissa um áhrif gruggmyndunar og efnislosunar á botndýralíf, sem og um samlegðaráhrif við aðrar framkvæmdir í Kollafirði. Mikilvægt sé að skilgreina grunnástand lífríkis áður en tekin verði ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar.

### **Laxfiskar**

Í greinargerð Faxaflóahafna kemur fram að fyrirbyggjandi rannsóknir sýni að allir laxfiskar á leið til Elliðaáa fari um eða rétt fram hjá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem og seiði á leið til sjávar. Dýpkun sundsins kunni að hafa áhrif á laxfiska vegna gruggmyndunar á meðan á framkvæmdum standi. Bent sé á að gruggmyndun sé staðbundin í næsta nágrenni dæluskipa. Engar landfyllingar séu fyrirhugaðar við uppbygginguna og því séu áhrifin á laxfiska metin hverfandi. Helst sé það frárænni frá hverfunum í kring sem geti haft áhrif á lífríki sjávar í sundinu milli Gufuness og Viðeyjar. Framkvæmdaraðili telji að ekki sé þrengt að farleiðum laxfiska með framkvæmdunum, að



seiði og fullorðnir laxar eyði litlum tíma á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, syndi hratt í gegn og nýti svæðið ekki til fæðuöflunar, að gruggmyndun verði óveruleg og sambærileg fyrri framkvæmdum á svæðinu, að auðvelt verði fyrir laxfiska að komast framhjá staðbundinni gruggmyndun við dæluskip og að helmingur gönguseiða fari austur og norður fyrir Viðey á leið sinni til sjávar og sleppi þannig við stærstan hluta framkvæmdasvæðisins.

Faxaflóahafnir hafi sett fram mótvægisaðgerðir til þess að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum á laxfiska auk viðbragða við vöktunarniðurstöðum. Þar sem allir fiskar sem séu á leið til eða frá Elliðaánum fari um svæðið milli Gufuneshöfða og Vogabakka, muni Faxaflóahafnir ekki dýpka á því svæði á göngutíma seiða og fullorðinna fiska, þ.e. frá maí til september.

Fiskistofnanir í Elliðaánum séu vaktaðir með ítarlegum rannsóknum á hverju ári. Seiði séu talin og fylgst sé með stærð og holdafari þeirra. Fylgst sé með gönguseiðum á leið til sjávar á vorin og teljari sé neðarlega í ánum sem myndi og telji hvern einasta fisk sem gangi upp ána. Komi í ljós við þá vöktun einhver atriði sem hægt sé að rekja til framkvæmda Faxaflóahafna verði brugðist við í samráði við tilheyrandi aðila, t.d. Fiskistofu og/eða Hafrannsóknastofnun.

Að þessu sögðu meti framkvæmdaraðili sem svo að áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska sé óveruleg.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé á gönguleið laxfiska og geti haft áhrif á göngumynstur laxfiska. Fiskistofa telji að gerð sé grein fyrir þeim þáttum sem skipti máli vegna mögulegra áhrifa framkvæmdanna á laxfiska og áform um að haga framkvæmd þannig að þau verði sem minnst. Stofnunin telji því ekki að kynnt breyting á tilhögun efnislosunar í aflagða efnistökgryfju norðvestan við Engey þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, m.t.t. hugsanlegra áhrif á laxfiska.

### **Hljóðvist**

Í greinargerð Faxaflóahafna kemur fram að í þessari framkvæmd sé ekki verið að fara í gerð nýrra hafnarbakka eða tilfærslu á hafnarstarfsemi á svæðinu að neinu leyti. Því sé ekki breyting á hljóðvistarmálum svæðisins frá því sem nú sé.

Settir voru upp þrír hljóðmælar á vormánuðum 2022. Tveir síritamælar séu á hafnarsvæðinu og einn við Hamrahverfi á Gufuneshöfða sem ná meiri yfirsýn yfir hafnarsvæðið. Mikill hávaði og hljóðtoppar séu sjálfkrafa hljóðritaðir svo hægt sé að hlusta á upptökuna eftir á og greina hvað olli hávaðanum. Einn mælirinn sé líka veðurmælir svo það sé hægt að sigta út hávaða sökum veðurs. Um sé að ræða samstarfsverkefni Eimskipa, Faxaflóahafna og Samskips.

Vöktunin geti hjálpað til við að halda hljóðstigi í nærliggjandi íbúðarhverfum innan viðmiðunarmarka hávaðareglugerðar, þar sem hægt sé að hafa bein áhrif á vinnulag og vinnutíma fyrirtækja í Sundahöfn þegar upplýsingar berist þeim í rauntíma þegar hljóðmælingar fari yfir þau mörk sem sett séu. Einnig geti vöktunin nýst þegar um sé að ræða kvartanir frá íbúum yfir ákveðin tímabil. Þessi vöktun muni halda áfram.

Það sé mat Faxaflóahafna að áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist séu óveruleg.

### **Straumar**

Í greinargerð Faxaflóahafna kemur fram að við mat á áhrifum dýpkana á setflutning vegna framkvæmdanna hafi verið notast við tiltækar dýptarmælingar á afmörkuðum svæðum nærri höfninni sjálfri en engar mælingar ná heildstætt yfir svæðið sem sé til skoðunar fyrir fyrirhugaða dýpkunarframkvæmd. Það sé mat Faxaflóahafna að mestu breytingar á straumi verði innan framkvæmdasvæðisins í sundinu milli Gufuness og Viðeyjar.

Einnig hafi verið skoðað hvort hætta sé á að mengaða efnið gæti borist með straumum á verktíma. Neðansjávarstraumar af völdum sjávarfalla við Engey séu hverfandi litlir og ekki taldir nægilegir til að rót verði á botni vegna þeirra.



Það sé mat framkvæmdaraðila að heildarrennsli sjávar inn og út af svæðinu sé hið sama fyrir og eftir framkvæmdir. Búast megi við að setflutningur verði með sambærilegu móti og þeir séu núna á svæðinu, nema að líklega muni meira magn fínefna setjast á hafnarsvæðinu. Það sé því niðurstaða Faxaflóahafna að áhrif á strauma og setflutninga vegna framkvæmdanna verði óveruleg.

### Vatnshlot

Í greinargerð Faxaflóahafna kemur fram að vatnshlotaskýrsla hafi verið unnin sem lýsi nálægum svæðum við tilvonandi losunarsvæði en losunarsvæðið sé mikið raskað og enginn möguleiki sé á að taka sýni á svo miklu dýpi. Því þurfti að styðjast við skýrslur um svipuð og nálæg svæði og bera saman við losunarsvæðið.

Hafrannsóknastofnun vann að rannsóknum árið 2024 til að meta ástand vatnshlotsins *Innri Sund-Elliðavogur-Grafarvogur* þar sem sýnum var safnað á fjórum sýnatökustöðum. Sýnunum var safnað í samræmi við leiðbeiningar.

Niðurstöðurnar mælinga séu þær að líffræðilegir og eðlisefnafræðilegir gæðapættir bendi til þess að vatnshlotið sé ekki undir miklu lífrænu álagi og miðað við skilgreinda líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti falli það í flokkinn mjög gott vistfræðilegt ástand. Hins vegar sé bent á að vatnshlotið *Innri Sund-Elliðavogur-Grafarvogur* hafi orðið fyrir umfangsmiklum vatnsformfræðilegum breytingum, t.a.m. landfyllingum, breytingum á strandlengju, gerð hafnarmannvirkja og dýpkunarframkvæmdum, þannig að ljóst þyki að vatnshlotið sé ekki í mjög góðu ástandi miðað við vatnsformfræði. Mikilvægt sé að klára að meta vatnsformfræði vatnshlotsins til að styðja við endanlega ástandsflokkun vatnshlotsins.

Þar sem líffræðilegir og eðlisefnafræðilegir gæðapættir vatnshlotsins séu metnir í mjög góðu ástandi telji Faxaflóahafnir að dýpkunin hafi óveruleg áhrif á þá gæðapætti vatnshlotsins. Hvað vatnsformfræðilega gæðapætti varði sé þegar hafið samtal við Umhverfis- og orkustofnun um það hvort að vatnshlotið flokkist sem mikið breytt vatnshlot, enda stór hluti strandlengjunnar mikið breyttur vegna eldri landfyllinga og dýpkana. Framkvæmdaraðili telji að dýpkunin hafi ekki þau áhrif að vatnshlotið falli um ástandsflokk og þar af leiðandi verði áhrifin óveruleg á vatnshlotið.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin geti tekið undir niðurstöðu framkvæmdaraðila um að framkvæmdin muni ekki raska vistfræðilegu eða efnafræðilegu ástandi vatnshlotanna meira en orðið sé, að því gefnu að fyllstu varkárni og fagmennsku verði gætt við dýpkunarframkvæmdir og losun efnis, með notkun viðeigandi tækja sem takmarki uppgrugg af dýpkun. Dýpkunin muni alltaf valda álagi á botndýr en líklega ekki meira en orðið sé á þessu svæði.

## 5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 og aðalskipulag Reykjavíkur 2040.

Framkvæmdin er háð leyfi til efnistöku af hafsbotni vegna dýpkunar frá Umhverfis- og orkustofnun skv. lögum um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins utan netlaga, auk leyfis fyrir varpi dýpkunarefnis í hafið frá sömu stofnun skv. lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi frá Reykjavíkurborg skv. Skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.



## 6 Niðurstaða

Um er að ræða breytingar á dýpkun Sundahafnar frá umhverfismatinu 2021. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, mengunar, og ónæðis sem varða framkvæmdina sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Samkvæmt umhverfismati framkvæmdaraðila frá árinu 2021 var ætlunin að losa mengaða hluta dýpkunarefnis Sundahafnar í landfyllingu við Vatnagarða eða Klettagarða í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Nú hafa forsendur dýpkunarinnar breyst þar sem ekki stendur lengur til að nota mengaða hluta dýpkunarefnisins í landfyllingu heldur losa allt efnið vegna dýpkunar Sundahafnar í gamla gryfju Björgunar við Engey. Einnig á að varpa meira af efni í hafið en upphaflega stóð til og yfir mun styttri tíma.

Umfang fyrirhugaðra framkvæmda er mikið og magn dýpkunarefnis er áætlað um 1,4 milljón m<sup>3</sup>, en fyrirhugað losunarsvæði er talið rúma talsvert meira efni en fyrirhugað er að losa. Rask framkvæmda verður bundið við svæði sem þegar hefur verið raskað.

Að mati skipulagsstofnunar felast hugsanleg umhverfisáhrif af breyttum framkvæmdar áformum fyrst og fremst í mögulegum afleiðingum þess að menguðu seti verði varpað í hafið. Framkvæmdaraðili hefur lagt fram upplýsingar um áformaða tilhögun framkvæmda. Fyrir liggur að mengun setlaga á Sundahafnasvæðinu hefur verið rannsökuð og er um að ræða nokkuð magn mengaðs botnets í varúðar- og hættuflokki sem fellur til við dýpkun sem stendur til að varp í hafið. Þegar litið er til þeirrar aðferðar, mótvægisáðgerða og þeirrar varúðar sem Faxaflóahafnir ætla að viðhafa í málinu er ekki talið líklegt að tilfærsla efnis frá Sundahöfn yfir í gryfju við Engey muni hafa umtalsverð neikvæð áhrif á vistkerfi sjávar, fugla eða annað lífríki. Botndýralíf sem finnst á svæðinu er algengt, fábrotið og hefur lágt verndargildi, áhrifin eru bundin við afmarkað svæði og ólíklegt að áhrifin verði veruleg á það líf sem er í þessu umhverfi sem eru aðlöguð aðstæðum. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á botndýralíf á svæðinu og tekur undir með Náttúruverndarstofnun sem bendir á að meðhöndlun mengaðs efnis er að meginstefnu tryggð og mikilvægt að vöktun fylgi framkvæmdinni og leyfi kveði á um skýrar varúðarráðstafanir. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að komið verði á laggirnar langtímavöktun lífríkis sem verði unnin sameiginlega af þeim fyrirtækjum sem hafi áhrif á umhverfið á svæðinu við Kollafjörð með sínum framkvæmdum. Þar sem m.a. verði vakt að hvort þrávirk lífræn efni safnast saman í lífverum á svæðinu t.a.m. kræklingi, líkt og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur leggur til. Skipulagsstofnun bendir til samanburðar á fyrirkomulag í kringum iðnaðarsvæðið á Grundartanga. Þar standa fyrirtækin að umfangsmikilli vöktun sem er framkvæmd af utanaðkomandi sérfræðingum samkvæmt



umhverfisvöktunaráætlun. Þar nýta fyrirtækin sömu auðlindir og áhrifanna gætir langt út fyrir lóðir þeirra fyrirtækja sem um ræðir.

Ekki er um verndað svæði að ræða en fyrirhugað framkvæmdarsvæði er í nálægð við friðland Akureyjar og mikilvægt fuglasvæði í Akurey. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin komi ekki til með að hafa áhrif á verndarsvæðið né göngu laxa í og úr Elliðaáam þar sem fyrir liggur að framkvæmdir verða ekki á göngutíma seiða. Framkvæmdartíminn mun styttest um nokkur ár sem Skipulagsstofnun telur jákvætt, þar sem ónæði fyrir lífríkið stendur yfir í skemmri tíma.

Skipulagsstofnun telur miðað við fyrirliggjandi gögn að fyrirhuguð dýpkun í Sundahöfn og varp dýpkunarefnis í hafið sé ekki líkleg til að hafa áhrif á vatnshlotið *Innri Sund- Elliðavogur- Grafarvogur*. Framkvæmdin mun ekki raska vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi vatnshlotsins meira en nú er orðið. Stofnunin bendir hins vegar á að liggja þarf fyrir að fyrrnefnt vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand og að við leyfisveitingar til framkvæmda á grundvelli vatnalaga og um leyfi á grundvelli skipulagslaga skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Faxaflóahafnir og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrif framkvæmda ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

#### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. desember 2025.<sup>1</sup>

Reykjavík, 12. nóvember 2025

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

---

<sup>1</sup> Leiðrétting 9. desember 2025. Þegar ákvörðun var birt 12. nóvember 2025 var dagsetning ákvörðunar sögð 10. desember 2025 og að kærufrestur væri til 12. nóvember 2025. Það hefur nú verið leiðrétt í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 37/1993.

